

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 22. september 2022 í máli nr. 35/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. apríl 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili

II

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi keypt svokallaðan Airfryer eða loftsteikingarpott af gerðinni Gourmia af varnaraðila í maí 2021. Að sögn sóknaraðila hafi tækið hætt að virka í lok mars 2022. Hafi sóknaraðili í kjölfarið farið með tækið til varnaraðila í þeim tilgangi að skila því. Varnaraðili hafi hins vegar upplýst hana að sóknaraðili gæti hvorki skipt né skilað tækinu nema að vera með virkt aðildarkort hjá varnaraðila. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili bæti henni umrætt tæki.

Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa segir að kærunefndin geti óskað eftir því að málsaðilar leggi fram gögn í máli. Þá segir í 4. mgr. sama ákvæðis:

Sé kvörtun metin ótæk til meðferðar, skv. e-lið 1. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur nefndin veitt neytanda stuttan frest til úrbóta.

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað máli frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar. Frávísun kvörtunar með vísan til framangreinds ákvæðis á við ef kvörtun er svo óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að mál sé ekki tækt til úrskurðar.

Þann 3. maí 2022 var sóknaraðila sent tölvubréf fyrir hönd kærunefndarinnar þar sem óskað var eftir tilteknum gögnum og upplýsingum til stuðnings kröfu sóknaraðila í málinu. Þá var óskað eftir því að sóknaraðili myndi skýra betur kröfugerð sína gagnvart varnaraðila. Þann 7. maí 2022 uppfærði sóknaraðili kvörtun sína hvað varðaði kröfugerðina. Þann 16. maí 2022 var beiðni kærunefndar um framlagningu gagna og upplýsinga ítrekuð og lagði sóknaraðili fram hluta þeirra gagna þann sama dag. Þann 13. september 2022 var beiðni kærunefndar ítrekuð á ný. Kærunefndinni hefur ekki borist umbeðin gögn í málinu.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn um viðskipti aðila, eins og staðfesting á kaupnum, kaupverð tækisins eða aðrar upplýsingar um hið umþrætta tæki.

Sóknaraðili hefur ekki orðið við beiðni nefndarinnar um að veita þær upplýsingar svo unnt sé að taka afstöðu til kröfunnar. Kærunefndin telur sér því ekki fært að kveða upp úrskurð um kröfu sóknaraðila í málinu á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Kærunefndin bendir á að sóknaraðili getur óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar að nýju með framlagningu gagna til stuðnings kröfu sinni.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson